

19.02.2011

**Iðnaðarráðuneytið****Arnarhvoli****150 Reykjavík****Efni: Athugasemdir við drög að Orkustefnu fyrir Ísland.**

1.

**Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.**

Þessi setning hljómar mjög fagurlega en vandinn er sá að hugmyndir manna um það hvað teljist sjálfbært og hvað ekki eru ekki samhljóða. Þannig telja sumir risavaxnar vatnsaflsvirkjanir umhverfisvænar meðan aðrir telja þær mjög skaðlegar fyrir ár, og lífríki m.a. fyrir utan ósa áнна vegna þess að mikilvægur aurburður sem er undirstaða kísilþörungna í sjónum berst ekki til sjávar. Ekki eykst heldur sjálfbærnin þegar fórnar á heilu samfélögunum fyrir virkjanirnar eins og t.d. við Þjórsá, þar sem fjöldi fólks mun hverfa á brott ef virkjað verður.

2.

Það er í sjálfu sér ágætt að viðurkenna Árórsamninginn og viðurkenna að ósnortnar auðlindir skila einnig ávinningi. Einnig er það jákvætt í þessari orkustefnu fyrir Ísland að horft er einnig til nýrra orkugjafa eins og vindorku, sólarorku og sjávarfallaorku. Ýmsar líkur eru á því að sólarorka verði aðal-orkugjafi heimsins í framtíðinni þótt aðstæður Íslendinga séu kannski ekki sem bestar á því sviði. Hins vegar hljóta Íslendingar að eiga mikla möguleika á sviði vindorku.

3.

Gæta þarf varúðar við að hvetja til smávirkjana í orkustefnu þar sem oft hefur illa verið staðið að undirbúningi, skipulagi og byggingu þeirra. T.d. við byggingu Múlavirkjunar voru brotnar allar reglur um skipulag og var hún byggð á annan hátt en leyfi var veitt til. Þess vegna þarf fyrst og fremst að huga að því að draga úr valdi sveitarfélaganna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um virkjanir og skipulag. Núverandi fyrirkomulag ákvarðanatöku er óásættanlegt. Einnig þarf, ef hvetja á til notkunar smærri og dreifðari orkugjafa að auka jafnframt eftirlit Orkustofnunar með slíkum orkugjöfum og virkjunum þannig að farið sé að lögum.

4.

Jákvæðar eru hugmyndir í orkustefnunni um að taka umhverfiskostnað inn í ákvarðanatöku. Eigi hins vegar að meta þennan umhverfiskostnað samhliða umhverfismati kemur upp sá vandi að það verður í höndum framkvæmdaraðilans eða þeirra verkfræðinga sem fyrir hann starfa að meta umhverfiskostnaðinn. Þannig skapast sú hættu að umhverfiskostnaður verði ætíð metinn of lágur. Þetta atriði tengist þeirri staðreynd að umhverfismat eins og það er unnið getur varla talist hlutlaust þar sem það er unnið á vegum framkvæmdaraðilanna og ráðgjafa þeirra. Tryggja þarf með einhverjum hætti að umhverfiskostnaður sé metinn og reiknaður út á óháðan hátt.

5.

Í orkustefnunni segir að árleg framlegð af raforkuvinnslu á Íslandi í framtíðinni gæti orðið allt að 190 milljarðar íslenskra króna miðað við núverandi gengi USD. Það er hættulegt að slá fram þessari tölu en samt gott að fá hana á hreint. Það er nefnilega hætt við að margir fái gullæði við að sjá slíka hagnaðarvon í óheftri orkuvinnslu á Íslandi. Þegar þessi árlega framlegð er sett í samband við þær varasömu hugmyndir um sæstreng og flutning orku frá Íslandi beint til Evrópu sem koma aftur og aftur fram í orkustefnunni er ljóst að lagning slíks sæstrengs til Evrópu myndi að öllum líkindum skapa þvilíka eftirspurn eftir orku hér á landi að engum virkjanakostum yrði hlíft og hætt er við að mjög nærri yrði gengið öllum helstu náttúruperlum landsins. Gallarnir við sæstreng þennan eru einkum þeir, að hann felur ekki í sér neina úrvinnslu úr orkunni hér á landi, heldur einungis beinan útflutning á orku, þ.e. hráefnisútflutning sem gera myndi Ísland að hráefnisútflutningslandi í enn frekari mæli en nú er. Sæstrengur er þannig ekki atvinnuskapandi, hann er ekki tækur sem grundvöllur íslenskrar menningar og íslensks samfélags þegar fram í sækir, heldur er líklegt að slíkur sæstrengur mundi með tilheyrandi virkjunum fela í sér mikla ógn gagnvart þjóðfélagi og menningu Íslendinga. Ísland mundi breytast í birgðastöð, hráefnisstöð þar sem einungis væri þörf á því að örfáar hræður væru til staðar til að tryggja hráefnisútflutninginn til Evrópu. Slíkt getur aldrei verið grundvöllur virks og lifandi samfélags til lengdar. Við megum aldrei gleyma því að það verðmætasta sem við Íslendingar eigum er landið sjálft, þessir 103.000 km<sup>2</sup> sem við stöndum á, það land er landsvæði sem margar aðrar þjóðir vildu gjarnan eiga.

6.

Fyrirkomulag leigu nýtingarréttinda, einkum tímalengd samninga, verði með þeim hætti að unnt verði að bregðast við breyttum forsendum í framtíðinni, svo sem markverðum breytingum á orkumarkaði eða nýjum orkuöryggissjónarmiðum.

Nýtingarleyfum verði úthlutað með gagnsæjum hætti á grundvelli samkeppni og jafnræðis, með það að markmiði að ná fram sem mestri sátt, hagkvæmni og skilvirkni.

Leigjendavandi verði lágmarkaður. Þar er átt við þær kringumstæður þegar handhafi nýtingarleyfis hefur minnkandi hvata til að viðhalda og ganga vel um fasteignir og auðlindir þegar líða tekur á leigutíma.

Uppbygging virkjana hafi hófleg jákvæð áhrif á hagvöxt, en verði ekki til að magna upp sveiflur í hagkerfinu.

#### ▪ *Leiðir*

Að orkuauðlindum sem eru beint eða óbeint á forræði ríkisins verði safnað saman og þær vistaðar í sérstökum sjóði eða stofnun<sup>5b</sup>. Sá sjóður eða stofnun sjái um umsýslu og útleigu orkuauðlindanna, með samræmdum hætti.

Að virkjanakostir séu skilgreindir með faglegum hætti, þeim forgangsraðað (sbr. umfjöllun um Rammaáætlun í kafla 6.3), og svo boðnir út í takti við eftirspurn og aðstæður í hagkerfinu, með hliðsjón af jafnvægishagvexti.

Hugmyndin um nýtingarleyfi sem eru leigð út er varasöm að því leyti að hætta er á því að leyfin verði veitt til erlendra spekúlanta, flokksgæðinga eða annarra sem eru í nánnum tengslum við stjórnvöld á hverjum tíma (svokallaður „crony – capitalism“ eins og var í Rússlandi Jeltsíns). Ef ríkið á yfirhöfuð að standa í slíkri útleigu þarf að tryggja virka samkeppni, og opna gagnsæja stjórnsýslu, án spillingar og mútugreiðslna, og setja þarf siðareglur um hvernig að slíkri útleigu skuli háttað. Hér skiptir siðfræðilegi þátturinn aftur meginmáli. Það sem gerðist þegar íslensku bankarnir voru einkavæddir á sínum tíma, má ekki endurtaka sig þegar nýtingarleyfum á orkuauðlindum þjóðarinnar verður úthlutað. Kannski er best að slík úthlutun fari aldrei fram, heldur að orkuauðlindir og nýting þeirra verði alfarið í höndum ríkisins. Að öðrum kosti þarf að skilgreina úthlutunarrammann og siðareglur fyrirfram, ÁÐUR en úthlutun nýtingarleyfa fer fram.

7.

Almennt er greinilegt við lestur orkustefnu fyrir Ísland að nefndin um orkustefnu er alls ekki á móti virkjunum og að nefndin virðist heldur ekki taka afstöðu til þess hvort virkjanir og nýtingarleyfi séu leigð til erlendra fyrirtækja. Nefndin virðist hins vegar leggja megináherslu á það að sanngjarnt verð og sanngjarnt gjald komi fyrir nýtingu orkunnar. Það er að vissu leiti ágætt að fram kemur í orkustefnunni að íslensk orka hefur verið seld á of lágu verði til þessa, enda var orkuverði lengi haldið leyndu. Hins vegar er sorglegt að nefndin skuli ekki leggja meiri áherslu á náttúruverndarsjónarmið almennt og huga meira að því að standa vörð um náttúru landsins. Auðlindir landsins verða nefnilega

alltaf nýttar og nýting þeirra mun alltaf aukast smám saman. Það er hins vegar mikil þörf á því að staðið sé á bremsunni gagnvart hóflausri nýtingu. Það er t.d. ekki nóg að okkar mati að Gullfoss sé verðlagður og síðan virkjaður, einungis ef við fáum sem samfélag greitt sanngjarnt verð fyrir. Hér eru önnur verðmæti á ferðinni, verðmæti náttúrunnar sjálfar, sem höfundar orkustefnunnar viðurkenna að séu til staðar, en virðast samt ekki vilja taka afstöðu til. Náttúruverndarsamtök Suðurlands hefðu því viljað sjá meiri áherslu á hreina náttúruvernd í stað náttúrunýtingar í orkustefnunni. Það er okkar mat að orkustefna þessi fyrir Ísland sé ennþá nýtingarstefna, ekki verndarstefna, þótt vissulega séu í henni hugmyndir sem eru skref í rétta átt.

8.

#### ▪ *Leiðir*

##### **Aðferðafræði Rammaáætlunar verði beitt til að flokka virkjanakosti og forgangsraða þeim.**

Eins og Ingibjörg Elsa Björnsdóttir sýndi fram á í athugasemdum sínum við Rammaáætlun (sjá meðfylgjandi pdf. skjal) eru margir alvarlegir gallar á aðferðafræði Rammaáætlunar eins og hún hefur verið sett fram. Ber þar helst að nefna að aðferðafræði hug- og félagsvísinda hefur að mestu leyti verið hunsuð og að siðferðislegir mælikvarðar og siðferðislegt mat hefur ekki verið tekið nægilega með í reikninginn. Þess vegna er það álit Ingibjargar Elsu sem sérfræðings í umhverfismálum að Rammaáætlun sé einungis hægt að nota sem viðmiðun við mat á landslagi og hugsanlega við mat á áhrifum á ferðaþjónustu. Þess vegna er alls ófullnægjandi að í Orkustefnu fyrir Ísland skuli það einfaldlega ákveðið að hinni gölluðu aðferðafræði Rammaáætlunar skuli beitt til að flokka virkjunarkosti og forgangsraða þeim. Þessari aðferðafræði og stefnu er því hérmeð mótmælt.

9.

Að lokum skal nefnt að það er mikið til bóta að höfundar orkustefnu fyrir Ísland leggja áherslu á að nota skuli íslenska orku til fjölbreyttrar starfsemi. Sú áhersla sem kemur fram á margt smátt í staðinn fyrir eitt stórt, er mikið framfaraskref og bendir til þess að menn séu að átta sig á þeim miklu möguleikum sem felast í umhverfivænum tækniframförum. Við skulum þó alltaf huga að því að orku er ekki hægt að framleiða úr engu. Það þarf alltaf að fórna einhverju til að framleiða orkuna. Því skal úthluta henni og ráðstafa af hófsemi og gát. Hugmyndir orkustefnunnar um sæstreng eru ekki til þess fallnar að auka traust manna á orkustefnunni, og benda frekar í átt til þess hömluleysis og þeirrar firringar sem einkenndi íslenskt samfélag fyrir hrun bankakerfisins. Þannig er ýmislegt sem þarf að endurskoða í orkustefnu þessari og margt sem þarf að samræma þannig að verði til sú orkustefna fyrir grænt Ísland sem Ísland þarf nauðsynlega á að halda.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Suðurlands,

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir  
B.A. B.Sc. M.Sc. with distinction  
Umhverfisefnafræðingur